

Til sveitarstjórnarráðs Grímsnes- og Grafningshrepps

Erindi: Umsókn um styrk

Vegna aukinnar aðsóknar í þjónustu Aflsins, samtaka fyrir þolendur ofbeldis, óska samtökin eftir því við Grímsnes- og Grafningshrepp að veita samtökunum styrk að upphæð 100.000 kr

### **Um Aflið**

Aflið, samtök fyrir þolendur ofbeldis, sinnir einstaklingsviðtölum og hópstarfi, fólki að kostnaðarlausu. Samtökin taka á móti breiðum hópi en á síðasta ári tókum við viðtöl við 112 einstaklinga sem hingað leituðu í fyrsta sinn en alls tókum við viðtöl við tæplega tvö hundruð einstaklinga. Þess má geta að fólk kemur að jafnaði í sex einstaklingsviðtöl og á möguleika á því að fara í hópstarf í framhaldi af því. Þjónusta Aflsins er fjölbreytt og þjóðum við upp á fjar- og sínaviðtöl en þó kjósa flestir að hitta ráðgjafa í persónu. Fólkið sem hingað leitar er staðsett víðsvegar á landinu. Þess má geta að kostnaður við hvern skjólstaðing nemur um kr. 150.000.

Aflið er með ráðgjafa sem ferðast í önnur sveitarfélög til þess að veita ráðgjöf með reglulegu millibili en einnig er Aflið með ráðgjafa sem staðsettir eru í öðrum sveitarfélögum. Aðal starfsstöð Aflsins er á Akureyri, einn ráðgjafi er staðsettur á Húsavík og annar á Egilsstöðum. Þar að auki erum við með reglulega viðveru á Blönduósi og á Reyðarfirði.

### **Þolendur ofbeldis á landsbyggðunum**

Aflið hefur lagt áherslu á að útfæra þjónustu sína þannig að hún henti aðstæðum þolenda ofbeldis á landsbyggðunum. Ástæðan fyrir því að við sendum ykkur þetta erindi og óskum eftir styrk er til þess að bæta þjónustu til þolenda í Grímsnes- og Grafningshreppi

### **Samningar**

Einnig er möguleiki á því að gera sérniðinn þjónustusamning við Aflið, sem hentar sérstaklega þolendum ofbeldis í ykkar sveitarfélagi. Slíkur samningur getur t.d. falið í sér aukna þjónustu í Grímsnes- og Grafningshreppi þar sem Aflið yrði auglýst sérstaklega og gæti mögulega heimsótt ykkur til þess að koma með fræðslu. Þess má geta að fjarviðtöl eru alltaf í boði fyrir alla óháð búsetu. Sé áhugi á því að gera slíkan samning, þá tókum við vel á móti ykkur og útfærum samning í góðri samvinnu.

Með von um jákvæð svör

Fh. Aflsins



Erla Hrönn, framkvæmdastýra Aflsins.